

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um úthald rannsóknarskipa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir voru árlegir úthaldsdagar rannsóknarskipa á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á tímabilinu 1990–2003 og hve margir eru fyrirhugaðir úthaldsdagar skipanna árið 2004? Óskað er sundurliðunar eftir verkefnum hvers skips og að fram komi fyrir hverja verkefni voru unnin eða verða unnin samkvæmt áætlun.*

Í eftirfarandi töflu kemur fram fjöldi úthaldsdaga hafrannsóknarskipanna á tímabilinu 1990–2003 og áætlun fyrir árið 2004. Einnig kemur fram sundurliðun úthaldsins á einstök verkefni. Þá kemur fram í töflunni ef verkefni hafa verið unnin fyrir aðra en Hafrannsóknastofnunina. Þar er um að ræða kennsluferðir á vegum Háskóla Íslands, skólaskipsverkefni, landgrunnsrannsóknir fyrir Orkustofnun og aðra leigu.

Önnur leiguverkefni voru sem hér segir:

Bjarni Sæmundsson.

1993 15 daga leiga í jarðfræðirannsóknir á Reykjanes hrygg, breskir aðilar.

1995 5 daga leiga í straummælingar við Grænland, danskir aðilar.

2001 14 daga leiga til jarðfræðirannsókna á vegum Raunvísindastofnunar.

2002 24 daga leiga til eftirlitsstarfa á vegum CMN í Frakklandi.

2002 7 daga leiga á vegum Institut für Geophysik, Hamborgarháskóla.

2003 10 daga leiga í jarðfræðirannsóknir á vegum Raunvísindastofnunar og Orkustofnunar.

2004 áætluð 21 dags leiga til jarðfræðirannsókna við V-Grænland á vegum GEUS í Kaupmannahöfn.

Árni Friðriksson.

2004 áætluð 17 daga leiga á vegum Institut für Geophysik, Hamborgarháskóla.

Flokkun úthaldsdaga rannsóknaskipanna 1990–2004.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Bjarni Sæmundsson															
Fiskirannsóknir	148	110	120	113	112	139	80	69	74	98	115	115	70	101	91
Sjó- og vistfræði	76	76	67	83	85	89	88	119	115	70	55	46	47	13	64
Kvörðun bergmálstækja		4	4	4	7	3	6	5	5	3	2	2	4		5
Kennsluferðir HÍ		1	1		1		1	1	1	2	2	2	3	2	2
Útleiga				15		5						14	31	12	21
	224	191	192	215	205	236	175	194	195	173	174	179	155	128	183
Árni Friðriksson															
Fiskirannsóknir	105	171	169	171	169	157	158	101	171	152	97	168	117	142	107
Sjó- og vistfræði	15	45	25	37	32	22	24	39	8	9	17	13	24	18	7
Hvalarannsóknir						30									
Kvörðun bergmálstækja		4	4	3	5	2	2	6	3	1	1	8	5	4	7
Kennsluferðir HÍ								4	3						
Landgrunnsrannsóknir													20	90	65
Útleiga															17
	120	220	198	211	206	211	184	150	185	162	115	189	166	254	203
Dröfn															
Fiskirannsóknir	107	169	125	127	139	164	147	151	148	123	112	121	102	117	61
Sjó- og vistfræði	5			3	2	8		9	9	5					
Hvalarannsóknir			21	28											
Kennsluferðir HÍ				3	3	3		3		3				2	
Skólaskip									40	49	53	55	54	56	15
	112	169	146	161	144	175	147	163	197	180	165	176	156	175	76

2. *Við hvaða rannsóknir hefur það nýst að Árni Friðriksson var útbúinn til að geta dregið tvö troll? Svarið óskast sundurliðað eftir tímabilum og verkefnum.*

Búnaður til að geta dregið tvö troll var notaður í leiðangri 16.–22. janúar 2001 og í leiðangri 13.–24. apríl 2003. Þá verður búnaðurinn notaður í 12 daga leiðangri á þessu ári. Í öllum tilvikum er um að ræða rannsóknir á kjörhæfni veiðarfæra og skiljurannsóknir.

3. *Hvert hefur hlutverk Árna Friðrikssonar verið í „togararalli“ á undanförunum árum?*

Árni Friðriksson, sem kom til landsins á miðju ári 2000, var notaður í marsralli 2001 og voru þá tekin samanburðartog við einn togarann í rallinu. Á árinu 2002 voru einnig tekin samanburðartog á skipinu í marsralli. Niðurstöður leiddu í ljós töluverðan mun á veiðihæfni Árna og samanburðartogurinum. Þetta leiddi til þess að nauðsynlegt taldist vera að gera nánari samanburð á leigutogurinum innbyrðis áður en hægt yrði að nota Árna í stað þeirra. Þessi samanburður var gerður 2003 og nú í ár. Vonir standa til að Árni komi að hluta inn í marsrall á næsta ári, en það er þó háð niðurstöðum úr fyrrgreindri kvörðun skipsins við eldri samanburðartogara.